



Reykjavík, 28. nóvember 2016
VEL2016110016
10.3

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga að framlengingu á samningum um notendarstýrða persónulega aðstoð á árinu 2017 ásamt fylgigagni.

Á fundi velferðarráðs þann 24. nóvember 2016 var lögð fram tillaga, dags. 7. nóvember 2016, að framlengingu á samningum um notendastýrða persónulega aðstoð á árinu 2017 ásamt fylgigagni.

Lagt er til að velferðarráð samþykki að heimilt verði að framlengja nágildandi samninga um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) hjá Reykjavíkurborg út árið 2017 með endurskoðunarákvæði að sex mánuðum liðnum.

Tillagan er samþykkt með fimm samhljóða atkvæðum.


Velferðarráð samþykkir eftirfarandi bókun:

Velferðarráð hefur nú ákveðið að framlengja alla nágildandi NPA samninga í Reykjavík út árið 2017. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi þjónustu við þennan hóp og koma í veg fyrir rof í þjónustunni. Til framtíðar er brýnt að tryggja framhald NPA þjónustu og tekur velferðarráð undir áskorun til stjórnvalda sem samþykkt var samhljóma í borgarstjórn þann 4. október sl. um lögfestingu NPA þjónustu. Mikilvægt er að nú verði unnin áætlun, miðað við þær forsendur sem liggja fyrir um hvernig Reykjavíkurborg muni tryggja þá fjármuni sem þurfa að vera til staðar þegar NPA verður lögfest þjónusta hér á landi.

Þetta er hér með sent ykkur til staðfestingar.

Virðingarfyllst,

Stefán Eiríksson
sviðsstjóri



Dagsetning: 7. nóvember 2016
Skrifstofa: Þjónustan heim
Unnið af: Sigurbjörg Fjölnisdóttir
Ábyrgð: Berglind Magnúsdóttir
GoPro: VEL2016110016

Lagt fyrir velferðarráð 24. nóvember 2016

Tillaga

að framlengingu á samningum um notendastýrða persónulega aðstoð á árinu 2017

Tillaga

Lagt er til að velferðarráð samþykki að heimilt verði að framlengja núgildandi samninga um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) hjá Reykjavíkurborg út árið 2017 með endurskoðunarákvæði að sex mánuðum liðnum.

Greinargerð

Samkvæmt 1. mgr. IV. bráðabirgðaákvæðis í lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 var sett á fót samstarfsverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA), en ætlunin er að því ljúki í árslok 2016. Í samræmi við bráðabirgðaákvæðið voru settar reglur um tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk á þjónustusvæði Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar (hér eftir nefndar reglur um NPA). Til samræmis við bráðabirgðaákvæðið gilda núverandi reglur um NPA til ársloka 2016. Þrátt fyrir að nú sé um einn mánuður þar til tilraunaverkefninu sé ætlað að ljúka hefur ekki komið skýr stefna frá ríkinu um innleiðingu á NPA verkefninu til framtíðar.

Þrettán fatlaðir einstaklingar eru nú að nýta sér þjónustu í formi NPA hjá Reykjavíkurborg. Skrifleg staðfesting á kostnaðarþátttu ríkisins í NPA samningum fyrir árið 2017 barst 22.nóvember 2016 með fyrirvara um að fjárlagatillögur ráðuneytis fyrir árið 2017 verði samþykktar í fjárlagafrumvarpi sem ekki hefur en verið lagt fram (sjá meðfylgjandi skjal). Á árinu 2016 var kostnaðarþátttaka ríkisins 25% af hverjum samningi. Komi til að fjárlagafrumvarp verði ekki samþykkt hefur velferðarsvið Reykjavíkurborgar einungis fjárheimild til að tryggja greiðslur í 9 mánuði árið 2017.

Þrátt fyrir að skýr stefna ríkisins um NPA til framtíðar liggi ekki fyrir, og fjárlagafrumvarp hafi ekki verið lagt fram, telur velferðarsvið að nauðsynlegt sé að hægt sé að bjóða þeim núverandi NPA notendum sem það kjósa upp á áframhaldandi NPA samninga. Mikilvægt er að núverandi NPA notendur geti framlengt ráðningarsamninga síns starfsfólks sem fyrst, en flestir NPA notendur hafa

ráðningarsamband með eins mánaðar uppsagnarfresti sem þýðir að þeir þurfa að segja upp sínu starfsfólki fyrir 1. desember ef ráðningu er ekki ætlað að standa lengur en til áramóta. Með tilliti til þess hversu viðkvæm þjónustan er við notendahóp NPA og þess hversu mikill óstöðugleiki ríkir núna á vinnumarkaði þykir nauðsynlegt að hægt sé að veita heimild fyrir framlengingu ráðningarsamninga NPA notenda við sitt starfsfólk til eins árs.

Því er lagt til hér að velferðarráð samþykki að heimilt verði að framlengja núverandi NPA samninga í Reykjavík til ársloka 2017 með endurskoðunarákvæði að sex mánuðum liðnum.

Kostnaður 2017

Miðað við óbreyttar forsendur fyrir NPA samningum er gert ráð fyrir 13 samningum á árinu 2017. Á Töflu 1 má sjá kostnað vegna NPA á árinu 2016. Á Töflu 2 er gert ráð fyrir að greiðslur til NPA notenda verði 292 mkr. fyrir allt árið 2017. Ef kostnaðarþáttaka ríkisins verður óbreytt frá árinu 2016, þ.e. upp á 25% af kostnaði samninga má gera ráð fyrir að hún verði 73 mkr. Því má gera ráð fyrir að heildarkostnaður vegna NPA samninga á árinu 2017 gæti orðið 219 mkr. að því gefnu að núverandi NPA samningar verði óbreyttir á árinu.

Tafla 1 og 2. Nánari sundurliðun á NPA samningum 2016 og 2017.

NPA 2016		NPA 2017	
Samningur nr. 1	10.237.649	Samningur nr. 1	10.876.147
Samningur nr. 2	28.267.433	Samningur nr. 2	30.623.472
Samningur nr. 3	29.704.429	Samningur nr. 3	31.550.140
Samningur nr. 4	17.873.700	Samningur nr. 4	18.988.708
Samningur nr. 5	30.920.145	Samningur nr. 5	38.849.230
Samningur nr. 6	29.704.429	Samningur nr. 6	31.550.140
Samningur nr. 7	29.704.429	Samningur nr. 7	31.550.140
Samningur nr. 8	30.920.145	Samningur nr. 8	32.849.230
Samningur nr. 9	6.232.305	Samningur nr. 9	6.621.025
Samningur nr. 10	17.450.082	Samningur nr. 10	18.531.389
Samningur nr. 11	4.450.082	Samningur nr. 11	4.784.911
Samningur nr. 12	3.334.035	Samningur nr. 12	3.542.029
Samningur nr. 13	29.704.429	Samningur nr. 13	31.550.140
	268.557.182		291.866.701

Niðurstaða

Lagt er til að velferðarráð samþykki að heimilt verði að framlengja núverandi NPA samninga í Reykjavík út árið 2017, með endurskoðunarákvæði að sex mánuðum liðnum.

Fylgiskjal tölvupóstur 22.nóvember 2016

Erindi: Fjármögnun NPA samninga á árinu 2017.

Ágæti viðtakandi

Velferðarráðuneytinu hafa að undanförnu borist fyrirspurnir um það hvort ekki sé tryggt framlag ríkisins á árinu 2017 í þá NPA samninga sem í gildi voru á árinu 2016.

Af þessu tilefni vill ráðuneytið koma því á framfæri að í fjárlagatillögum sínum fyrir árið 2017 var gert ráð fyrir því að fjármagn fengist á fjárlögum ársins 2017 til þeirra samning sem gerðir voru á árinu 2016.

Nú liggur fyrir að fjárlagafrumvarp fyrir árið 2017 hefur ekki verið lagt fram og því er ekki ljóst hvaða meðferð það fær í meðfórum þingsins. Það skal þó áréttar að ráðuneytið mun leggja ríka áherslu að framtíð NPA verði tryggð þannig að ekki þurfí að koma til röskunar á gildandi samningum um NPA.

Ráðuneytið telur þó rétt á grundvelli þess að ákvörðun Alþingis um framtíð NPA á árinu 2017 liggur ekki fyrir, að beina því til sveitarfélaga að samningar innihaldi endurskoðunarákvæði að sex mánuðum liðnum, frá 1.janúar 2017 að telja.

Góðar kveðjur,



Þór G. Þórarinsson, sérfræðingur / Senior Advisor
Velferðarráðuneyti / Ministry of Welfare
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 101 Reykjavík, Iceland
Sími/Tel: +(354) 545 8100 - Fax: +(354) 551 9165
velferdarraduneyti.is / [Fyrirvari/Disclaimer](#)

